

um happdrættislán rikissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Ríkissjóður gefur út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 250 milljónir króna. Happdrættisskuldabréfin skulu gefin út í allt að 5 flokkum á árunum 1971 til 1975, og ákveður fjármálaráðuneytið lánsfjárhæð hvers bréfaflokks.

2. gr.

Happdrættisskuldabréfin, sem eru útgefin til handhafa og hvert að fjárhæð a. m. k. 1000 krónur, falla í gjalddaga að 10 árum liðnum frá útgáfudegi þeirra.

3. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréfin, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu.

4. gr.

Af skuldabréfunum eru ekki greiddir vextir, en vinningum úthlutað í samræmi við útdrátt númera, sbr. 6. gr.

5. gr.

Skuldabréfin eru undanþegin framtalsskyldu og eignarsköttum, en vinningar svo og verðbætur undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

6. gr.

Árleg fjárhæð vinninga í hverjum flokki skal nema 7% af heildarfjárhæð skuldabréfa hvers flokks og ber að draga um þá einu sinni á ári. Fjármálaráðuneytið ákveður tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag.

Á happdrættisskuldabréfunum skal tilgreindur útdráttardagur.

7. gr.

Reglur XIX. kafla laga nr. 85 frá 23. júní 1936 um mál til ógildingar skjala o. fl. gilda ekki um skuldabréf samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Fjármunir þeir, er inn koma fyrir sölu happdrættisskuldabréfanna, skulu renna til greiðslu kostnaðar af vega- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Kostnaður við framkvæmd þessarar fjáröflunar greiðist af söluandvirði skuldabréfanna.

9. gr.

Fjármálaráðherra setur reglugerðir um einstaka flokka lánsins með nánari reglum um lánskjör og önnur atriði, er varða framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/23. marz 1971.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér nokkrar breytingar á lögum nr. 12/23. marz 1971 um happdrættislán rikissjóðs vegna vega- og brúagerða á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið.

Aðalefnisbreytingin er sú, að heimildar er aflað til að binda endurgreiðslu höfuðstóls vísitölu. Jafnframt er lagt til, að fjárhæð happdrættisskuldabréfa þeirra, sem löggin ákveða að rikissjóður gefi út, verði hækkuð úr 200 millj. kr. í 250 millj. kr.

Enn fremur er lagt til, að fjármálaráðuneytið ákveði, hve mikill hluti lánsins verði boðinn út í hverjum flokki, og þykir þetta hagkvæmara, þar sem solumöguleikar bréfanna kunna að vera breytilegir.

Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til, að vinningar nemi 7% af heildarfjárhæð skuldabréfa í hverjum flokki, sem er sama hlutfall og ráðgert var í lögum nr. 12/1971, og verði dregið um vinninga einu sinni á ári. Enn fremur er lagt til, að fjármálaráðuneytið ákveði tölu vinninga, fjárhæð þeirra hvers um sig og útdráttardag, sem tilgreindur verði á happdrættisskuldabréfunum.